



EVROPURÁÐIÐ YFIRLIT

**Staðfesting á mannréttindum,
lýðræði og réttarríki**

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE

Frönsk útgáfa

Le Conseil de l'Europe – Tour d'horizon

Höfundur: Directorate of Communication
– Public Relations Section

Snið og útlitshönnun: Documents and
Publications Production Department

Ljósmyndir © Council of Europe – Shutterstock

Prentað af Bietlot, Belgíu

Innihald

EVROPURÁÐIÐ Í STUTTU MÁLI	2
STARFSEMI	4
HELSTU SÁTTMÁLARNIR	8
EFTIRLITS- OG MATSKERFI	12
HELSTU HLUTASAMNINGARNIR	16
EVROPURÁÐIÐ OG UNGMENNI	18
EVROPURÁÐIÐ OG EVRÓPUSAMBANDIÐ	19
AÐILDARRÍKI	20



EVROPURÁÐIÐ Í STUTTU MÁLI

HLUTVERK

— Evrópuráðið, í samvinnu við aðildarríkin 46, vinnur að því að stuðla að mannréttindum, lýðræði og styrkja réttarríkið innan og utan heimsálfunnar.

” Vissir þú?

Evrópuráðið er með 46 aðildarríki sem eru samanlagt með yfir 700 milljón íbúa.

— Evrópuráðið hefur með góðum árangri þróað kerfi til verndunar réttindum og er Mannréttindadómstóll Evrópu þekktast þeirra. Dómstóllinn var stofnaður á grundvelli Mannréttinasáttmála Evrópu sem hefur verið undirritaður af öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins.

— Dómstóllinn annast framkvæmd sáttmálans í öllum 46 aðildarríkjunum. Einstaklingar geta lagt kvartanir um mannréttindabrot fyrir dómstóllinn í Strassborg eftir að hafa reynt alla möguleika á áfrýjun í viðeigandi aðildarríki.

— Afnáam dauðarefsingarinnar er einn helsti sigur Evrópuráðsins. Dauðarefsingu hefur ekki verið beitt í neinu 46 aðildarríkjanna frá því árið 1997.

SAGA EVRÓPURÁÐSINS

■ Evrópuráðið var brautryðjandi í samrunaferli Evrópu. Það var stofnað árið 1949 í kjölfar seinni heimsstyrjaldar með það fyrir augum að tryggja stjórnfarslega endurbyggingu Evrópu á grundvelli sameiginlegra gilda sem höfðu glatast og komið heimsálfunni á heljarþröm.

■ Evrópuráðið var meðal fyrstu alþjóðastofnana til þess að veita austur- og mið-Evrópuríkjum aðgang eftir fall Berlínarmúrins. Evrópuráðið hefur aðstoðað þessi ríki við innleiðingu stjórnarfarslegra, lagalegra, stjórnskipulegra og réttarfarslegra umbóta. Evrópuráðinu hefur einnig tekist að laga sig að áskorunum nútímans með því að gera nýja milliríkjasamninga um tölvu- og netglæpi, gagnavernd, alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi, mansal, ofbeldi gegn konum, kynferðislega misnotkun á börnum, osfrv.



” Vissir þú?

Ekkert ríki hefur gengið í Evrópusambandið án þess að hafa fyrst verið aðildarríki Evrópuráðsins.



TÁKN ÞESS

■ Evrópuráðið á sér fána, lofsöng og kennimerki.

■ Evrópufáninn, með hring af 12 gullnum stjörnum á bláum grunni, er einhver sá þekktasti í heimi. Hann varð til hjá Evrópuráðinu árið 1955, var tekinn upp af Evrópusambandinu árið 1985, og hefur verið tákn uppbyggingar Evrópu án sérstakrar tengingar við tiltekna stofnun.

■ Lofsöngur Evrópu, inngangurinn að Óðnum til gleðinnar úr níundu sinfóníu Beethovens, er jafn rómaður. Óðurinn var samþykktur af stofnuninni árið 1972 og árið 1986 fór Evrópusambandið einnig að nota lofsönginn.

■ Í kennimerki Evrópuráðsins er fáni Evrópu tvinnuður saman við áhrifamikið tákn (helix) sem stendur fyrir sameiginlega reynslu Evrópuríkja og staðfasta skuldbindingu Evrópuráðsins um að standa vörð um gildin sem það heldur í heiðri.



STARFSEMI

Nokkrar mismunandi stofnanir og einstaklingar bera ábyrgð á starfsemi Evrópuráðsins, og gegnir sérhvert þeirra mikilvægu hlutverki.

AÐALFRAMKVÆMDASTJÓRINN

■ Aðalframkvæmdastjórinn, sem er valinn af þinginu til fimm ára í senn, er yfirmaður stofnunarinnar og ber ábyrgð á stefnumótandi áætlanagerð, rekstri árlegrar starfsáætlunar og fjárlögum Evrópuráðsins. Embættið skipar núna Alain Berset frá Sviss.

■ Aðstoðarframkvæmdastjóri er einnig valinn af þinginu til fimm ára í öðrum kosningum.

RÁÐHERRANEFNDIN

■ Ráðherranefndin fer með ákvarðanatöku Evrópuráðsins og samanstendur af utanríkisráðherrum allra aðildarríkjanna, eða fastafulltrúum þeirra í Strassborg. Ráðherranefndin tekur ákvarðanir um stefnu Evrópuráðsins og samþykkir fjárlög og starfsáætlanir.

■ www.coe.int/cm



ÞINGIÐ

Á þinginu sitja kjörnir fulltrúar frá 46 þjóðþingum og er það vettvangur fyrir umræður og tillögur um samevrópsk félagsmál og stjórnsmál. Þingið ber ábyrgð á mörgum sáttmálum stofnunarinnar, þar á meðal Mannréttindasáttmála Evrópu.

www.assembly.coe.int

ÞING SVEITAR- OG HÉRAÐSSTJÓRNA

Verkefni þingsins er að styrkja lýðræði í sveitarfélögum og héraðum allra 46 aðildarríkjanna. Þingið skiptist í tvær deildir – deild sveitarfélaga og deild héraða – og þrjár nefndir, og samanstendur af fulltrúum 150.000 yfirvalda sveitarfélaga og héraða.

www.coe.int/congress



MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVROPU

— Dómstóllinn var stofnaður árið 1959 og er stofnun sem gefur ríkisstjórnun, hópum og einstaklingum af öllum þjóðernum kost á að véfengja ákvarðanir og meint brot á Mannréttindasáttmála Evrópu.

— www.echr.coe.int

MANNRÉTTINDAFULLTRÚINN

— Mannréttindafulltrúi er sjálfstæð stofnun innan Evrópuráðsins, með það hlutverk að auka meðvitund og virðingu fyrir mannréttindum í öllum 46 aðildarríkjum Evrópuráðsins.

— www.coe.int/commissioner



RÁÐSTEFNA ALÞJÓÐLEGRA FRJÁLSRA FÉLAGASAMTAKA (INGOS)

— Ráðstefnan fer fyrir mikilvægri tengingu milli stjórnmalamanna og borgara, og tryggir að rödd borgaralegs samfélags heyrst hjá Evrópuráðinu. Ráðstefnuna sitja fulltrúar frá alþjóðlegum frjálsum félagasamtökum (INGOs).

— www.coe.int/ngo

AÐALSKRIFSTOFAN

— Aðalskrifstofa Evrópuráðsins er í Strassborg, Frakklandi. Þar starfa 2.300 manns frá 46 aðildarríkjum og starfrækja skrifstofur annarsstaðar og einnig skrifstofur með ábyrgð fyrir samskiptum við önnur alþjóðleg samtök.

HELSTU SÁTTMÁLARNIR



Evrópuráðið styður við mannréttindi og lýðræði með alþjóðlegum samningum. Þessir samningar eru lögskyldir aðildarríkjum eftir undirritun og staðfestingu. Stefnur stjórnvalda eru endurskoðaðar reglulega í þeim tilgangi að tryggja hlítingu sáttmálanna.

MANNRÉTTINDASÁTTMÁLI EVRÓPU

■ Sáttmálinn öðlaðist gildi árið 1950 og tryggir grundvallar borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi, einkum réttinn til lífs, réttinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, tjáningarfrelsi, hugsanafrelsi og trúfrelsi. Hann leggur bann við pyntingum, nauðungarvinnu, dauðarefsingu og öllum tegundum mismununar og leiddi til þess að sérstakt kerfi var sett á fót til þess að styrkja mannréttindi með stofnun Mannréttindadómstóls Evrópu.

FÉLAGSMÁLASÁTTMÁLI EVRÓPU

■ Sáttmálinn, sem var innleiddur árið 1961 og endurskoðaður árið 1996, verndar efnahagsleg og félagsleg réttindi ríkisborgara Evrópu með tilliti til: atvinnu, félagslegrar verndar og lögverndar, húsnæðis, heilsu, menntunar, ferðafrelsis og banss við mismunun.

” Vissir þú?

Evrópuráðið hefur lagt fram
220 milliríkjasamninga til eflingar
mannréttindum, lýðræði og réttarríki.



SAMNINGUR UM TÖLVU- OG NETGLÆPI

Samningurinn um tölvu- og netglæpi tók gildi 1. júlí 2004 og leiðbeinir aðildarríkjum sem vilja þróa samræmd og víðtæk lög til að fást við tölvu- og netglæpi. Hann er eina alþjóðlega lagalega bindandi skjalið á þessu sviði.

EVROPUSAMNINGUR UM SJÁLFSTJÓRN SVEITAFÉLAGA

Þessi samningur tryggir stjórnskipulega sjálfstjórn sveitafélaga í þeim 46 aðildarríkjum sem hafa staðfest hann. Hann ábyrgist stjórnmálalegt, stjórnskipulegt og fjárhagslegt sjálfstæði staðaryfirvalda.

MENNINGARSÁTTMÁLI EVRÓPU

Í ljósi þess að menning gegnir lykilhlutverki í skilningi á öðru fólki og virðingu fyrir fjölbreytni, innleiddi Evrópuráðið Menningarsáttmála Evrópu árið 1954. Hann er undirstaða samevrópskrar samvinnu á sviði menningar, menntunar, æskulýðs, íþróttar, tungumála og útbreiðslu sameiginlegra gilda.

” Vissir þú?

Viðbótarbókun Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum var samþykktur árið 2015 til þess að fjalla um vandamálið sem stafar af „erlendum hryðjuverkamönnum“.



SAMNINGURINN TIL VERNDAR BÖRNUM GEGN KYNFERÐISLEGRU MISBEITINGU OG MISNOTKUN (LANZAROTE-SÁTTMÁLINN)

■ Þetta var fyrsta skjalið sem gerði hinar ýmsu tegundir kynferðislegrar misnotkunar á börnum refsiverða, þar með talið misnotkun innan heimilis eða fjölskyldu. Lanzarote-nefndin ber ábyrgð á að vakta að hlutaðeigandi ríki innleiði samninginn á viðeigandi hátt.

SAMNINGURINN UM FORVARNIR OG BARÁTTU GEGN OFBELDI GAGNVART KONUM OG HEIMILISOFBELDI (ISTANBÚL-SAMNINGURINN)

■ Samningurinn biður öll undirritunarríki að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hverskyns ofbeldi, að vernda brotþola og refsa þeim sem afbrotin fremja. Samningurinn er veigamikil skref á þessu sviði og byggir á þeirri forsendu að ekki verði komist fyrir slíkt ofbeldi án átaks við að ná fram auknu jafnræði kynjanna.



” Vissir þú?

Evrópusamningur Evrópuráðsins gegn misnotkun lyfja í íþróttum var samþykktur árið 1989 og er sem stendur eini alþjóðlegi lagagerningurinn á þessu sviði.

EVROPSKI SAMNINGURINN UM MANNRETTINDI OG LÍFLÆKNISFRÆÐI

■ Evrópski samningurinn um mannréttindi og líflæknisfræði tryggir siðferðilega framkvæmd á sviði líflæknisfræði. Í samningnum er að finna viðmiðunarreglur um siðvenjur í rannsóknum á mannvörum í læknisfræði, líffæraflutningi og öðrum notum á lækningaefnum úr líkómum manna, við verndun á fósturvísnum og fósturum, og notkun sjúkraskráa. Bókun samningsins bannar einræktun mannvora.

SAMNINGUR UM EFTIRLÍKINGAR Á LÆKNINGAVÖRUM OG SVIPAÐA GLÆPI SEM ÓGNA ALMENNINGSHEILSU („MEDICRIME“ SAMNINGURINN)

■ Ríki utan Evrópu hafa einnig aðgang að Medicrime-samningnum. Með tilkomu hans telst framleiðsla, dreifing og sala, einnig á internetinu, á eftirlíkingum lyfja nú refsivert lögbrot vegna mögulegs skaða þeirra á heilsu almennings.

EFTIRLITS- OG MATSKERFI



Sérhvert ríki sem fær aðild að Evrópuráðinu samþykkir að sjálfstætt eftirlitskerfi meti hvort ríkið fari að ákvæðum um mannréttindi og lýðræðislega starfshætti. Í sumum tilfellum voru slík kerfi innleidd í kjölfar milliríkjasamninga.

RÍKJAHÓPUR GEGN SPILLINGU (GRECO)

GRECO ber kennsl á annmarka á stefnum ríkja gegn spillingu og hvetur ríki til þess að gera nauðsynlegar úrbætur á löggjöfum, stofnunum eða í stjórnsýslu. Mat þess byggir á viðkomandi sáttmálum Evrópuráðsins.

SÉRFRÆÐINGANEFND UM MAT Á RÁÐSTÖFUNUM Í BARÁTTU GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA (MONEYVAL)

MONEYVAL-nefndin var stofnuð árið 1997 og er ábyrgðarsvið hennar að tryggja að aðildarríki vinni skilvirkt og á kerfisbundin hátt til að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.



EVROPUNEFNDIN UM FÉLAGSLEG RÉTTINDI

■ Nefndin fylgist með því að réttindi á forsendum félagsmálasáttmála Evrópu – til húsnæðis, heilsu, menntunar, atvinnu og ferðafrelsis – séu tryggð og staðfest af viðkomandi ríkjum.

EVROPUNEFNDIN UM STARFSGETU DÓMSTÓLA (CEPEJ)

■ Starfsemi CEPEJ-nefndarinnar beinist að þróun stjórnsýsluferla, bestu starfsvenja og leiðbeininga til þess að auka gæði og skilvirkni dómstóla. Hún gefur reglulega út skýrslur um mat á evrópska réttarkerfinu.



EVROPUNEFND UM VARNIR GEGN PYNDINGUM OG ÓMANNLEGRI EÐA VANVIRÐANDI MEÐFERÐ EÐA REFSINGU (CPT)

■ CPT-nefndin, sem stofnuð var samkvæmt samningi sem gekk í gildi árið 1989, stendur reglulega fyrir fyrirvaralausum heimsóknum í varðhaldsstöðvar í aðildarríkjunum 46 (fangelsi, lögreglustöðvar og varðhaldsstöðvar fyrir erlenda ríkisborgara) til þess að gera úttekt á því hvernig farið er með gæslufanga og einstaklinga í haldi.

SÉRFRÆÐINGAHÓPUR UM AÐGERÐIR GEGN MANSALI (GRETA)

■ GRETA-nefndin, sem stofnuð var samkvæmt samningi sem gekk í gildi árið 2008, gefur reglulega út matskýrslur á frumkvæðum ríkja til að innleiða þær aðgerðir sem fram koma í samningnum.



RÁÐGJAFANEFND UM RAMMASAMNINGINN UM VERNDUN ÞJÓÐARBROTA

■ Rammasamningurinn heldur uppi eftirlitskerfi sem metur og stuðlar að umbótum í verndun þjófbrota í viðkomandi ríkjum, einkum rétti þeirra á fundafrelsi, tjáningarfrelsi, samviskufrelsi, trúfrelsi og aðgangsfrelsi að fjölmiðlum og eigin tungumáli.

EVROPUNEFNDIN GEGN KYNÞÁTTAHATRI OG UMBURÐARLEYSI (ECRI)

■ Nefndin skoðar reglulega vandamál vegna kynþáttahaters, kynþáttamisréttis, útlendingahaters, gyðingaandúð og umburðarleysi í öllum 46 aðildarríkjunum og gefur ríkisstjórnnum ráðleggingar.

SÉRFRÆÐINGANEFND UM EVRÓPUSÁTTMÁLANN UM SVÆÐISBUNDIN TUNGUMÁL OG TUNGUMÁL MINNIHLUTAHÓPA

■ Sáttmálinn er sá eini sinnar tegundar í heiminum sem styður gamalgróin svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa. Nefndin fylgist með því að samningsríki geri fullnægjandi ráðstafanir til þess að efla notkun þessara tungumála á öllum sviðum opinbers lífs.

HELSTU HLUTASAMNINGARNIR



Hlutasamningur gerir ákveðnum aðildarríkjum Evrópuráðsins kleift að vinna saman að markmiðum sem gætu hugsanlega ekki gilt um eða verið ásættanleg öllum ríkjum. Aðildarríkin sem koma að slíkum samning taka ein þátt í fjármögnun og þróun hans.

ÞRÓUNARBANKI EVRÓPURÁÐSINS

Bankinn er með bækistöðvar í París og er eina fjármálastofnunin sem starfar eingöngu í félagslegum tilgangi. Hann tekur þátt í því að fjármagna þjóðfélagsleg verkefni, bregðast við í neyðarástandi og leggur til fjármagn til að bæta lífskjör verst settu þjóðfélagshópanna, þar með talið flóttamanna og veglausra.

EVROPUSKRIFSTOFA UM GÆÐI LYFJA OG HEILSUVERNDAR (EDQM)

Embættið ákveður opinbera staðla við framleiðslu lyfja, og fyrir ákveðna geira svo sem blóðingjafir og líffæraígræðslu. Hún ber einnig ábyrgð á baráttunni gegn eftirlíkingum á lyfjavörum.

EVROPUNEFNDIN UM LÝÐRÆÐI MEÐ LÖGUM (FENEYJANEFNDIN)

Feneyjanefndin, ráðgjafaráð Evrópuráðsins um stjórnskipunarmál, veitir aðstoð við skilgreiningu og þróun á sameiginlegum stöðlum og veitir ríkjum um allan heim lögfræðiráðgjöf.

NORÐUR-SUÐUR MIÐSTÖÐIN

Norður-suður miðstöðin var stofnuð í Lissabon í Portúgal árið 1990. Hún hvetur til umræðu milli ríkja Evrópu og ríkja við suður-Miðjarðarhaf og í Afríku og að tekna verði upp stefnur byggðar á samstöðu, í anda markmiða Evrópuráðsins.



EVROPSKI KVIKMYNDASTYRKARSJÓÐURINN (EURIMAGES)

■ EURIMAGES er fyrsta stofnun Evrópu sem fjármagnar sameiginlega framleiðslu, dreifingu, stafvæðingu og sýningu á evrópskum kvikmyndaverkum. Um leið styður sjóðurinn samvinnu fagfólks í kvikmyndum.

EVROPSK ATHUGUNARSTÖÐ Á SVIÐI HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUNAR

■ Athugunarstöðin safnar og dreifir tölfræðilegum og greinandi gögnum um kvikmyndir, útvarp, sjónvarp, og hljóð- og myndmiðlun í Evrópu.

EVROPUMIÐSTÖÐ FYRIR NÚTÍMAMÁL (GRAZ, AUSTURRÍKI)

■ Miðstöðin styður þróun í tungumálakennslu og -námi sem leið til að hvetja til samskipta og samvinnu. www.ecml.at

POMPIDOU HÓPURINN

■ Markmið hópsins er að útbúa stefnur til aðstoðar aðildarríkjum í baráttunni gegn fíkniefnafíkn.

AUKINN HLUTASAMNINGUR UM ÍPRÓTTIR (EPAS)

■ Tilgangur þessa hlutasamnings er að efla íþróttir og draga athygli að jákvæðum gildum þeirra. EPAS vinnur einnig að því að koma á alþjóðlegum gildum og þróa samevrópskan samstarfsramma.



EVROPURÁÐIÐ OG UNGMENNI

Ungmenni gegna lykilhlutverki í þróun evrópskra samfélaga. Svo samvinnan með ungmennum sé sem áhrifaríkust hefur Evrópuráðið samþykkt nýstárlega leið með „samrekstrarkerfi“ sem veitir ungmennafélögum jafnan rétt ásamt fulltrúum ríkisstjórna til að ákvarða æskulýðsstefnur, verkefni og forgangsröðun.

UNGMENNAMIÐSTÖÐVAR EVRÓPU Í STRASSBORG OG BÚDAPEST

Yfir 5000 ungmenni af ýmsum uppruna sækja á ári hverju námsfundi, málstofur eða námskeið í ungmennamiðstöðvum Evrópu. Yfir 15.000 ungmenni njóta einnig góðs af verkefnum sem æskulýðssjóður Evrópu styður með það fyrir augum að efla skilning, umburðarlyndi og samstöðu.

SAMSTARFSSAMNINGUR UNGMENNA

Evrópuráðið og Evrópusambandið hafa frá árinu 1998 verið með samstarfssamning ungmenna sem ætlað er að vera ramma um sameiginlega þróun á samræmdri áætlun um þjálfun æskulýðsleiðtoga, æskulýðsstefnu og rannsóknna.

www.youth-partnership.net



EVROPURÁÐIÐ OG EVROPUSAMBANDIÐ

Evrópuráðið og Evrópusambandið (ESB) eru aðskildar stofnanir með ólík en þó gagnvirk hlutverk. Evrópusambandið deilir þeim grundvallargildum sem liggja að baki Evrópuráðinu.

” Vissir þú?

Margbreytilegar áætlanir í samvinnu við Evrópusambandið stuðla að umbótum á lögum og stofnunum um alla Evrópu og í Norður-Afríku.

■ Þessar tvær stofnanir vinna náið saman á sviðum gagnkvæmra hagsmuna, til dæmis því að efla mannréttindi og lýðræði í Evrópu og á nágrennasvæðum. Nokkrar umfangsmiklar áætlanir og verulegt fjármagn hefur verið lagt í að ná fram sameiginlegum markmiðum stofnananna til að viðhalda friði.

■ Samkvæmt Lissabon-samningnum á Evrópusambandið að undirrita Mannréttindasáttmála Evrópu og skapa með því sameiginlegt evrópskt lagaumhverfi fyrir 700 milljón ríkisborgara.

■ Auk Evrópusambandsins hefur Evrópuráðið nán tengsl við Sameinuðu þjóðirnar (SP) og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE).



AÐILDARRÍKI

46 AÐILDARRÍKI

Albanía, Andorra, Aserbaídsjan, Armenía, Austurríki, Belgía, Bosnía og Hersegóvína, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Georgía, Grikkland, Holland, Ísland, Írland, Ítalía, Króatía, Kýpur, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Moldóva, Mónakó, Norður-Makedónía, Noregur, Pólland, Portúgal, Rúmenía, San Marínó, Serbía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Svartfjallaland, Sviss, Tékkland, Tyrkland, Úkraína, Ungverjaland, Þýskaland.

” Vissir þú?

Þáfastóll, Kanada, Japan, Bandaríkin og Mexíkó hafa áheyrnaraðild að Evrópuráðinu.

*All references to Kosovo, whether to the territory, institutions or population, in this text shall be understood in full compliance with United Nations Security Council Resolution 1244 and without prejudice to the status of Kosovo.

Afnám dauðarefsinga, viðhald tjáningarfrelsis, verndun réttinda barna, stuðningur við kynjajafnrétti, barátta gegn hryðjuverkum, ábyrgð á reglufylgni með gæðastöðlum á lyfjum og í heilsugæslu... Þessi mál snerta okkur öll, en veistu hvaða hlutverki Evrópuráðið gegnir á þessum sviðum?

Með því að útbúa, innleiða og fylgjast með rúmlega 220 samningum hefur Evrópuráðið – frá stofnun þess árið 1949 – lagt sig fram um að viðhalda grundvallargildum heimsálfunnar: mannréttindum, lýðræði og réttarríki.

Þekktastur allra samninga er Mannréttindasáttmáli Evrópu og er reglulega greint frá dómsúrskurðum Mannréttindadómstóls Evrópu í fjölmiðlum.

Bæklingur þessi gefur snögga yfirsýn yfir hlutverk og starfsemi Evrópuráðsins.

46 aðildarríki. 700 milljón Evrópubúar.



Gjaldfrjáls gögn
edoc.coe.int



Council of Europe Publishing
book.coe.int

www.coe.int

Evrópuráðið er helsta stofnunin á sviði mannréttindamála í Evrópu. Aðildarríkin eru 46, þar á meðal öll aðildarríki Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríki. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.

